



Fundargerð

11. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar
haldinn að Tjarnargötu 12, 26. janúar 2023 kl. 14:30

Viðstaddir: Kjartan Már Kjartansson, Guðmundur Björnsson, Grétar I. Guðlaugsson, G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu. Fundargerð ritaði Íris Andrea Guðmundsdóttir.

* * *

1. Erindisbréf

- Erindisbréf er ekki tilbúið en mikilvægt er að það verði klárað sem fyrst.

2. Heiðarsel

- Verkefnastjóri fór yfir niðurstöður úr prufum.
- Búið er að fjarlægja skemmt byggingarefni. Farið verður í allsherjarþrif á skólanum og úðað yfir með Disact.
- Sýnatökur verði teknar að 6 vikum eftir þrif.
- Farið verður yfir úrbætur með leikskólastjórnendum á næstunni.

3. Garðasel

- Kjartani Már Kjartanssyni falið að heyra í leikskólastjóra.
- Stefnt að skoðunarferð eftir næsta fund 2. febrúar.

3. Myllubakkaskóli

- Verkefnastjóri fór yfir niðurstöður rakamælinga. Niðurstöður rakamælinga sýndu að mikill raki er í gólfplötu kjallara D-álm.
- Ákveðið var að sagað verði úr á þremur stöðum í gólfplötunni til að kanna undirlag.
- Fundað verður með hönnuðum næst komandi miðvikudag kl. 10:00 á verkstað.
- Óskað er eftir tímaáætlun fyrir heildarframkvæmdina og hvenær færanlegar skólastofur losni.
- Búið er að semja um kaup á þakeiningum. Rif og uppbygging á þaki verður boðin út.
- Samþykkt er setja gólfhita í D-álm skólans.

4. Holtaskóli

- Verkefnastjóra falið að skilgreina önnur hönnunarverkefni og tillögur í samráði við arkitekta.

5. Önnur mál

- Farið var yfir stöðuna í 88 húsinu og Björkinni í Njarðvíkurskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10.

Næsti fundur verður í ráðhúsi Reykjanesbæjar fimmtudaginn 2. febrúar kl. 14:30.